

Skýrsla bæjarstjóra 12. febrúar 2019

- Ég fór ásamt Ásgerði á fund með fulltrúum þverpólitískrar nefndar um þjóðgarð á miðhálandinu en fundinn sátu einnig fulltúar sveitastjórna Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Markmið fundarins var að ræða þjóðgarð á miðhálandinu. Umræðuefni voru meðal annars:
 - Mögulegar útfærslur á mörkum þjóðgarðs
 - Skiptingu í verndarflokka.
 - Hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar

Á fundinum var horft til þeirra svæða sem markast af sveitarfélagamörkum ofangreindra sveitarfélaga á miðhálandinu en fundurinn var vinnufundur þar sem kallað var eftir sjónarmiðum fundarmanna. Góðar umræður sköpuðust en reynsla þessara sveitarfélaga af þjóðgarði er nokkuð góð. Við vildum þó leggja áherslu á það hversu mikilvægt er að tryggja rekstur þeirra þjóðgarða sem nú þegar eru starfandi áður en stofnaður er nýr þjóðgarður.

- Nokkrir fundir hafa verið haldnir í undirbúningsnefnd um byggingu nýs hjúkrunarheimilis. Staðan er nú þannig að lokaniðurstaðan er sú að sjúkrarýmin verða í gamla húsinu, ráðuneytinu er ekkert hnikað hvað það varðar. Nú er undirbúningur fyrir hönnunarsamkeppni á lokametrinum og auglýsing verður sett í helgardagblöðin nú um næstu helgi. Niðurstaða mun vonandi liggja fyrir í byrjun júní og í kjölfarið hefst hönnun á nýju hjúkrunarheimili.
- Öldungaráð hóf starfsemi nú í janúar. Dregist hefur að kalla Öldungaráð saman en gott er að ráðið hefur nú formlega komið saman. Ég upplýsti öldungaráð um stöðu í byggingu hjúkrunarheimilisins en félagsmálastjóri er starfsmaður ráðsins.
- Fundur um kjaramál var haldinn með fulltrúum í kjaranefnd í Sambandi sveitarfélaga. Farið var yfir helstu áherslur í komandi kjaraviðræðum fyrir hönd sveitarfélaga.
- Framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, Magnús Guðmundsson, var á Hornafirði í fundarferð og sat ég fund með honum og Helgu Árnadóttur, þjóðgarðsvarðar. Fundurinn var mjög góður en staða þjóðgarðsins er nú mun betri en á síðasta ári. Vinna er að hefjast við gerð deiliskipulags og við stjórnunar og verndaráætlun við Jökulsárlón. Einnig sér fyrir endann á vinnu við atvinnustefnu í þjóðgarðinum. Það er ástæða til bjartsýni er þjóðgarðinn varðar en þar eru næg verkefni framundan.
- Vegamálin hafa verið í umræðunni undanfarið. Enn er óvissa með hvenær Hornafjarðarfljótin eru á áætlun en það veltur á veggjaldafrumvarpi sem liggur fyrir alþingi. Vegabætur í sýslunni þola enga bið lengur, alvarleg slys eru allt of algeng í umdæminu og löngu orðið tímabært bæta úr. Nú í vetrartíðinni hefur færðin verið erfið í sýslunni, mikil hálka hefur verið á vegum og ferðafólk átt í basli með að komast á milli staða. Vegagerðin þarf að huga betur að hreinsun vega og hálkuvörnum. Við viljum efla vetrarferðamennsku og ef það á að gerast verða ferðamenn að upplifa sig örugga á vegunum. Myndir hafa borist þar sem bílar hafa runnið út af veginum á Breiðamerkursandi og fregnir hafa borist af snjóflóðum í Þvottáskriðum, þetta getur ekki talið öruggt. Það þarf ákall til stjórnvalda til að bæta úr vegamálum.
- Janúar og febrúar er mánuðir þorablóta. Ég fór á þorablót á Höfn og einnig í Nesjunum. Mikið er lagt í þorablótin í sýslunni og er alltaf gaman að skella sér á blót. Ég fékk nú einhvern skerf að gríni í minn garð sem er bara gaman. Þorablótin eru skemmtileg hefð í mannlífinu okkar. Ég komst því miður ekki á þorablót í Suðursveita en mun reyna að bæta úr því á næsta ári.

- Þennan pistil skrifa ég frá Sviss þar sem ég dvelst í skíðaferð með fjölskyldunni. Hér er algjör paradís, alveg ótrúlega fallegt. Ég sendi ykkur mínar bestu kveðjur en ég sný tilbaka úr vetrarfríi fjölskyldunnar á föstudag 15. febrúar endurnærð.

Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri